**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 141/2013** **2014/EES/54/63**

**frá 19. febrúar 2013**

**um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað, að því er varðar hagskýrslur sem eru byggðar á evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (e. *EHIS*)** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1338/2008 frá 16. desember 2008 um hagskýrslur Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað([1]), einkum 1. mgr. 9. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi*:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1338/2008 er settur sameiginlegur rammi fyrir kerfisbundna hagskýrslugerð í Evrópu um lýðheilsu og heilbrigði og öryggi á vinnustað.

2) Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 1338/2008 eru framkvæmdarráðstafanir nauðsynlegar til að tilgreina gögn og lýsigögn sem veita skal um heilbrigðisástand, mótandi þætti heilsufars og heilbrigðisþjónustu sem fellur undir I. viðauka við þá reglugerð og til að ákveða viðmiðunartímabilin og tíðni afhendinga á þessum gögnum.

3) Gögn þessi mynda tölfræðilegt safn lágmarksgagna sem ætti að auðvelda eftirlit með heilbrigðisáætlunum og -stefnumálum Sambandsins um félagslega aðlögun og félagslega vernd, heilsufarslegan ójöfnuð og heilbrigða öldrun.

4) Trúnaðargögn sem aðildarríki senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) skulu meðhöndluð í samræmi við meginreglu um trúnaðarkvaðir í hagskýrslum, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur([2]) og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga([3]).

5) Kostnaðar- og ábatagreining hefur farið fram og verið metin í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1338/2008. Komið hefur í ljós að líklega mun aðgengileiki að samanburðarhæfum gögnum innan alls Evrópusambandsins verða til mikils ávinnings fyrir heilbrigðis- og félagsmálastefnuákvarðanir og í vísindaskyni, með því að nota sameiginleg verkfæri sem auðvelda gagnasamræmi þvert á lönd, jafnvel þó að tengdur kostnaður geti verið breytilegur með hliðsjón af stigi samþættingar umbeðinna breyta og aðferðafræði innan fyrirliggjandi landsbundinna kannana.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hagskýrslukerfið,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

**Gildissvið**

Evrópskar hagskýrslur, sem byggðar eru á evrópsku viðtalskönnuninni um heilbrigði (e. *European Health Interview Survey* (*EHIS*)), skulu varða heilbrigðisstöðu, heilbrigðisþjónustu og mótandi þætti heilsufars, einnig félagslýðfræðileg einkenni íbúa 15 ára og eldri.

*2. gr.*

**Skilgreiningar**

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Heimili“ (e. *household*): einstaklingur sem býr einn eða hópur fólks sem býr saman í sama einkahúsnæði og deilir útgjöldum, þ.m.t. að leggja sameiginlega til grunnframfærslu; skilgreining þessi nær ekki yfir stofnanaheimili eins og sjúkrahús, umönnunar- eða hjúkrunarheimili, fangelsi, herbúðir, trúarlegar stofnanir, gistiheimili með matsölu eða farfuglaheimili.

2. „Föst búseta“ (e. *usual residence*): sá staður þar sem einstaklingur ver venjulega daglegum hvíldartíma sínum, án tillits til tímabundinna fjarvista vegna tómstunda, leyfa, heimsókna til vina og ættingja, viðskipta, læknismeðferðar eða trúarlegra pílagrímsferða, eða, í vanskilum, staðurinn þar sem aðili hefur lögheimili eða skráða búsetu.

   Aðeins eftirfarandi aðilar skulu teljast hafa fasta búsetu á viðkomandi landsvæði:

   a) þeir sem átt hafa fasta búsetu á sama stað samfellt í það minnsta í 12 mánuði fyrir viðmiðunardagsetningu eða

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 47, 20.2.2013, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2014 frá 27. júní 2014 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 70.

([2]) Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

([3]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

b) þeir sem hafa flutt á fastan búsetustað sinn á undangengnum 12 mánuðum fyrir viðmiðunardagsetningu með þá fyrirætlan að búa þar í eitt ár hið minnsta.

Ef ekki er unnt að staðfesta þær aðstæður sem um getur í a- eða b-lið, skal „föst búseta“ merkja þann stað þar sem aðili hefur lögheimili eða skráða búsetu.

3. „Einstaklingsbundin gögn“ (e. *microdata*) : ósamanlagðar athuganir eða mælingar á eiginleikum einstakra eininga.

4. „Lýsigögn“ (e. *metadata*) : gögn sem skilgreina og lýsa öðrum gögnum, ásamt tölfræðilegum viðskiptaferlum.

*3. gr.*

**Nauðsynleg gögn**

1. Sérhvert aðildarríki skal veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) einstaklingsbundnu gögnin sem sett eru fram í I. viðauka.

2. Þessi einstaklingsbundnu gögn skulu grundvallast á líkindaúrtaki sem er dæmigert fyrir hvert land.

3. Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, í nánu samráði við aðildarríkin, leggja til aðferðafræðilegar og hagnýtar ráðleggingar og viðmiðunarreglur um úrtaksgerð og framkvæmd könnunarinnar í „Handbók um evrópska viðtalskönnun um heilbrigði“, þ.m.t. fyrirmyndarspurningalista, með það fyrir augum að auka samræmingu milli landa í niðurstöðum könnunarinnar.

4. Lágmarksstærð raunúrtaks, reiknað út frá forsendu einfalds slembiúrtaks, er sett fram í II. viðauka. Vægisstuðull skal reiknaður svo að tekið sé tillit til vallíkinda einingarinnar, brottfalls og, eftir því sem við á, til að laga úrtakið að ytri gögnum í tengslum við dreifingu einstaklinga í markþýðinu.

5. Smærri hlutar innlenda yfirráðasvæðisins, sem nema ekki meira en 2% af innlendu þýði viðkomandi aðildarríkja og innlendra yfirráðasvæða sem eru skráð í III. viðauka, eru undanþegnir.

*4. gr.*

**Viðmiðunarár og -þýði**

1. Viðmiðunarárin skulu vera 2013, 2014 og 2015.

2. Viðmiðunarþýðið skal vera einstaklingar 15 ára og eldri á einkaheimilum og vera búsettir á yfirráðasvæði hlutaðeigandi aðildarríkis þegar gagnasöfnunin fer fram.

3. Söfnun gagna skal dreifast yfir a.m.k. þrjá mánuði, þ.m.t. að lágmarki yfir einn mánuð haustárstíðarinnar (september–desember).

*5. gr.*

**Tilvísunarlýsigögn**

1. Gæðatengd tilvísunarlýsigögn skulu veitt samkvæmt staðli evrópska hagskýrslukerfisins sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) tilgreinir og í samráði við aðildarríkin.

2. Aðildarríki skulu útvega framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópusambandsins) þessi lýsigögn, eigi síðar en tveimur mánuðum eftir sendingu einstaklingsbundnu gagnanna.

*6. gr.*

**Útvegun einstaklingsbundinna gagna og tilvísunarlýsigagna fyrir framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins)**

1. Aðildarríki skulu útvega fullgerð, fullgilt og metin einstaklingsbundin gögn og gæðatengd tilvísunarlýsigögn sem krafist er í þessari reglugerð í samræmi við skiptistaðal sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) tilgreinir. Veita skal einstaklingsbundin gögn og gæðatengd tilvísunargögn með því að nota miðlæga gagnagrunnsþjónustu.

2. Einstaklingsbundnu gögnin skulu gerð tiltæk hið síðasta 30. september 2015 eða níu mánuðum eftir lok landsbundins gagnasöfnunartímabils í tilvikum þar sem könnunin er framkvæmd eftir desember 2014.

*7. gr.*

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. febrúar 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*forseti.*

José Manuel BARROSO

*I. VIÐAUKI*

**Einstaklingsbundin gögn sem leggja skal fyrir framkvæmdastjórnina (Hagstofu Evrópusambandsins)**

TÆKNILEGAR KÖNNUNARBREYTUR

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| PID | Kenninúmer svaranda | 10 stafa númer<br>– 1 vantar | Allir |
| HHID | Kenninúmer heimilis | 10 stafa númer<br>– 1 vantar | Allir |
| PRIMSTRAT | Fyrsta val í lagskiptu úrtaki | 0001 – 9999<br>– 2 á ekki við (engin lagskipting) | Allir |
| PSU | Fyrstu úrtakseiningar sem notaðar eru við val á úrtaki | 0001 – 9999<br>– 2 á ekki við (engin þrepskipt úrtaka) | Allir |
| WGT | Endanlegt vægi einstaklings | Númer 5,3<br>– 1 vantar | Allir |
| PROXY | Var viðtal tekið við valinn einstakling eða einhvern annan (viðtal við þann sem fer með umboð fyrir einstaklinginn) | 1 Einstaklingurinn sjálfur<br>2 Aðrir heimilismenn<br>3 Einhver annar utan heimilisins<br>– 1 vantar | Allir |
| REFYEAR | Viðmiðunarár viðtalsins | Fjórir tölustafir | Allir |
| REFMONTH | Viðmiðunarmánuður viðtalsins | 1 – 12<br>– 1 vantar | Allir |
| INTMETHOD | Gagnaöflunaraðferð sem er notuð | 10 Póstsending, ekki rafræn útgáfa<br>11 Póstsending, í rafrænni útgáfu (tölvupóstur)<br>20 Augliti til auglitis, ekki í rafrænni útgáfu<br>21 Augliti til auglitis, í rafrænni útgáfu<br>30 Símleiðis, ekki í rafrænni útgáfu<br>31 Símleiðis, í rafrænni útgáfu | Allir |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| | | 40 Notkun Netsins<br>50 Blönduð söfnunaraðferð (þ.e. gögnum er safnað bæði með póstsendingu og með viðtali) | |
| INTLANG | Tungumál sem notað er í viðtali | Þriggja tölustafa kóðar (stöðluð kóðaskrá Hagstofu Evrópusambandsins)<br>– 1 vantar | Allir |

FÉLAGSLEGAR GRUNNBREYTUR

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| SEX | Kyn svaranda | 1 Karl<br>2 Kona<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| AGE | Aldur svaranda í fullnuðum árum, þegar viðtalið var tekið | stafafjöldi<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| COUNTRY | Búsetuland | Tveir tölustafir, byggðir á flokkun hagskýrslusvæða, á hæsta samtölustigi (stigi 0 eða landsstigi)<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| BIRTHPLACE | Fæðingarland | 10 Innfæddur<br>21 Fædd(ur) í öðru aðildarríki ESB<br>22 Fædd(ur) í landi utan ESB<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CITIZEN | Ríkisfang þegar gagnasöfnun fer fram | 10 Innlendur aðili/hefur ríkisborgararétt í skýrslugjafarlandinu<br>21 Erlendur aðili/hefur ekki ríkisborgararétt í skýrslugjafarlandinu en er ríkisborgari í öðru aðildarríki ESB<br>22 Erlendur aðili/hefur ekki ríkisborgararétt í skýrslugjafarlandinu og er ríkisborgari í landi utan ESB<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| REGION | Búsetusvæði | Kóðun í samræmi við flokkun hagskýrslusvæða í tveggja tölustafa þrepi<br>– 1 vantar | Allir |
| DEG_URB | Stig þéttbýlisþróunar | 1 Þéttbýlt svæði<br>2 Meðalþéttbýlt svæði<br>3 Strjálbýlt svæði<br>– 1 vantar | Allir |
| MARSTALEGAL | Hjúskaparstaða | 1 Hvorki verið gift(ur) né í skráðri sambúð<br>2 Gift(ur) eða í skráðri sambúð<br>3 Ekkja/ekkill eða í skráðri sambúð sem endaði með andláti sambúðarmaka (giftist ekki aftur og er ekki í nýrri skráðri sambúð)<br>4 Ekkja/ekkill eða í skráðri sambúð sem hefur verið lögformlega slitið (giftist ekki aftur og er ekki í nýrri skráðri sambúð)<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| MARSTADEFACTO | Hjúskaparstaða í reynd | 1 Einstaklingur í óvígðri sambúð<br>2 Einstaklingur ekki í óvígðri sambúð<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HATLEVEL | Hæsta stig menntunar sem er lokið (menntunarstig) | Byggt á flokkun alþjóðlegu menntunarflokkunarinnar frá 2011<br>0 — Þroski barns á fyrstu stigum, leikskólastig<br>1 — Barnaskólastig<br>2 — Unglingastig<br>3 — Framhaldsskólastig<br>4 — Fræðslustarfsemi á viðbótarstigi<br>5 — Háskólastig, fyrrihlutanám<br>6 — Háskólastig, bakkalársgráða eða jafngildi hennar | Allir |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| | | 7 — Háskólastig, meistaragráða eða jafngildi hennar<br>8 — Háskólastig, doktorsgráða eða jafngildi hennar<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | |
| MAINSTAT | Atvinnustaða á vinnumarkaði að eigin sögn | 10 Gegnir starfi, þ.m.t. er ólaunuð vinna við fyrirtæki eða eign eigin fjölskyldu, nám á námssamningi eða launuð starfsþjálfun o.s.frv.<br>20 Atvinnulaus<br>31 Nemandi, háskólanemi, í frekari þjálfun, ólaunuð starfsreynsla<br>32 Á eftirlaunum, snemmteknum eftirlaunum eða er hættur atvinnustarfsemi<br>33 Býr við varanlega fötlun<br>34 Gegnir lögboðinni herskyldu eða samfélagsþjónustu<br>35 Heimavinnandi<br>36 Aðrir einstaklingar utan vinnumarkaðar<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| FT_PT | Fullt starf eða hlutastarf | 1 Fullt starf<br>2 Hlutastarf<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | MAINSTAT = 10 |
| JOBSTAT | Staða á vinnumarkaði | 10 Sjálfstætt starfandi einstaklingur<br>21 Einstaklingur í föstu starfi eða með starfs- eða verksamning til ótiltekins tíma<br>22 Einstaklingur í föstu starfi eða með starfs- eða verksamning í tiltekinn tíma<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | MAINSTAT = 10 |
| JOBISCO | Starf á vinnumarkaði | Alþjóðlega starfsgreinaflokkunin-08 (ISCO-08), kóðuð í tveggja tölustafa þrepi<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | MAINSTAT = 10 |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| LOCNACE | Atvinnuvegur á vinnumarkaði | Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna, 2 — bálkar<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | MAINSTAT = 10 |
| HHNBPERS | Fjöldi heimilismanna, þ.m.t. svarandinn | 0 – 98<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HHNBPERS_0_4 | Fjöldi einstaklinga 4 ára og yngri | 0 – 98<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HHNBPERS_5_13 | Fjöldi einstaklinga frá 5 til 13 ára | 0 – 98<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HHNBPERS_14_15 | Fjöldi einstaklinga frá 14 til 15 ára | 0 – 98<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HHNBPERS_16_24 | Fjöldi einstaklinga frá 16 til 24 ára | 0 – 98<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HHNBPERS_25_64 | Fjöldi einstaklinga frá 25 til 64 ára | 0 – 98<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HHNBPERS_65plus | Fjöldi einstaklinga 65 ára og eldri | 0 – 98<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HHTYPE | Fjölskyldugerð | 10 Einn einstaklingur í heimili<br>21 Einstætt foreldri, með barn/börn yngra en 25 ára<br>22 Par án barns/barna yngri en 25 ára<br>23 Par með barn/börn yngri en 25 ára<br>24 Par eða einstætt foreldri með barn/börn yngri en 25 ára, og annað heimilisfólk<br>25 Önnur fjölskyldugerð<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HH_ACT | Fjöldi einstaklinga á heimilinu, á aldrinum 16 – 64 ára með atvinnu | 0 – 98<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| HH_INACT | Fjöldi einstaklinga á heimilinu, á aldrinum 16 – 64 ára, sem eru atvinnulausir eða óvirkir á vinnumarkaði | 0 – 98<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HHINCOME | Jafngildar mánaðarlegar nettótekjur heimilisins | 1 Neðar en fyrsta fimmtungsmark<br>2 Milli fyrsta og annars fimmtungsmarks<br>3 Milli annars og þriðja fimmtungsmarks<br>4 Milli þriðja og fjórða fimmtungsmarks<br>5 Milli fjórða og fimmta fimmtungsmarks<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |

HEILBRIGÐISBREYTUR

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| *Heilbrigðisástand — evrópskt lágmarksviðhengi um heilbrigði* | | | |
| HS1 | Almennt heilbrigði samkvæmt eigin skilningi:<br>hvernig einstaklingur skynjar almennt heilbrigði sitt | 1 Mjög gott<br>2 Gott<br>3 Sæmilegt<br>4 Slæmt<br>5 Mjög slæmt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HS2 | Langvarandi heilbrigðisvandamál:<br>Þjáist af sjúkdómi eða heilbrigðisvandamáli í að minnsta kosti sex mánuði | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HS3 | Almennar upplýsingar um getu:<br>Takmörkuð geta til að sinna athöfnum daglegs lífs sökum heilsubrests a.m.k. undangengna sex mánuði | 1 Verulega takmörkuð<br>2 Takmörkuð en ekki verulega<br>3 Ótakmörkuð<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| *Sjúkdómar og langvinn veikindi* | | | |
| CD1a | Þjáðist af asma á síðustu 12 mánuðum (þ.m.t. ofnæmisasma) | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| CD1b | Þjáðist af langvinnri berkjubólgu, langvinnum lungnasjúkdómi eða lungnaþembu á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CD1c | Þjáðist af kransæðastíflu (hjartaáfalli) á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CD1d | Þjáðist af kransæðasjúkdómi eða hjartakveisu á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CD1e | Þjáðist af háum blóðþrýstingi á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CD1f | Þjáðist af slagi (hjarnablæðingu, heilablóðsegamyndun) á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CD1g | Þjáðist af slitgigt (að undanskildri liðbólgu) á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CD1h | Þjáðist af mjóbaksverkjum eða öðrum langvinnum ágöllum í baki á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CD1i | Þjáðist af hálsverkjum eða öðrum langvinnum ágöllum í hálsi á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CD1j | Þjáðist af sykursýki á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| CD1k | Þjáðist af ofnæmi, svo sem nefslímubólgu, bólgu í augum, snertiofnæmi, fæðuofnæmi eða annars konar (að undanskildum ofnæmisasma) á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CD1l | Þjáðist af skorpulifur á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CD1m | Þjáðist af lausheldni þvags, vandamálum við stjórn þvagblöðru á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CD1n | Þjáðist af nýrnavandamálum á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| CD1o | Þjáðist af þunglyndi á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| *Slys og meiðsli* | | | |
| AC1a | Lent í umferðarslysi á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| AC1b | Lent í slysi á heimili sínu á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| AC1c | Lent í slysi í tómstundum á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| AC2 | Mjög alvarleg læknishjálp er veitt við mjög alvarlegu slysi á síðustu 12 mánuðum | 1 Lagður inn á sjúkrahús eða aðra heilbrigðisstofnun<br>2 Læknir eða hjúkrunarfræðingur<br>3 Engrar íhlutunar var þörf<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if<br>AC1a = 1 eða<br>AC1b = 1 eða<br>AC1c = 1 |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| *Fjarvera frá vinnu (vegna heilbrigðisvandamála)* | | | |
| AW1 | Fjarvera frá vinnu vegna persónulegra heilbrigðisvandamála á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if MAINSTAT = 10 |
| AW2 | Fjöldi fjarverudaga frá vinnu vegna persónulegra heilbrigðisvandamála á síðustu 12 mánuðum | Fjöldi daga<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AW1 = 1 |
| *Takmarkanir á starfsemi líkama og skynfæra* | | | |
| PL1 | Notkun gleraugna eða snertilinsa | 1 Já<br>2 Nei<br>3 Blindur eða algjörlega sjónlaus<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| PL2 | Sjóntruflanir, jafnvel með notkun gleraugna eða snertilinsa | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | If PL1 = 1 eða 2 |
| PL3 | Notkun heyrnartækja | 1 Já<br>2 Nei<br>3 Algjörlega heyrnarlaus<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| PL4 | Erfiðleikar við að hlusta á samræður við annan aðila í hljóðu herbergi, jafnvel þegar heyrnartæki er notað | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | If PL3 = 1 eða 2 |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| PL5 | Erfiðleikar við að hlusta á samræður við annan aðila í hávaðasamara herbergi, jafnvel þegar heyrnartæki er notað | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | If PL3 = 1 eða 2 og<br>PL4 = 1 eða 2 eða 3 |
| PL6 | Erfiðleikar við að ganga hálfan kílómetra á jafnsléttu án aðstoðar hjálpartækja | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| PL7 | Erfiðleikar við að ganga upp eða niður 12 þrep | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| *Umönnunarstarfsemi* | | | |
| PC1a | Erfiðleikar við að nærast | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AGE >= 65 |
| PC1b | Erfiðleikar við að fara upp í rúm og fram úr rúmi eða upp á stól eða niður af stóli | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Ákveðnir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AGE >= 65 |
| PC1c | Erfiðleikar við að klæðast og afklæðast | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar | if AGE >= 65 |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| | | 3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | |
| PC1d | Erfiðleikar við notkun salerna | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AGE >= 65 |
| PC1e | Erfiðleikar við að fara í bað eða sturtu | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AGE >= 65 |
| PC2 | Þarf að jafnaði aðstoð við eitt eða fleiri atriði í persónulegri umhirðu: matast, fara upp í rúm og fram úr rúmi eða upp á stól eða fram af stóli, klæðast og afklæðast, nota salerni, fara í bað eða sturtu | 1 Já, við a.m.k. eitt atriði<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if (AGE >= 65) og<br>{}{PC1a 1 eða PC1b 1 eða PC1c 1 eða PC1d 1 eða PC1e 1}} |
| PC3 | Þarf aðstoð eða meiri aðstoð við eitt eða fleiri atriði í persónulegri umhirðu: matast, fara upp í rúm og fram úr rúmi eða upp á stól eða fram af stóli, klæðast og afklæðast, nota salerni, fara í bað eða sturtu | 1 Já, við a.m.k. eitt atriði<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if (AGE >= 65) og<br>{}{PC1a 1 eða PC1b 1 eða PC1c 1 eða PC1d 1 eða PC1e 1}} |
| *Heimilisstörf* | | | |
| HA1a | Erfiðleikar við að undirbúa máltíðir | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það) | if AGE >= 65 |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| | | – 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | |
| HA1b | Erfiðleikar við notkun síma | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það)<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AGE >= 65 |
| HA1c | Erfiðleikar við innkaup | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það)<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AGE >= 65 |
| HA1d | Erfiðleikar við að stjórna lyfjatöku | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það)<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AGE >= 65 |
| HA1e | Erfiðleikar við að framkvæma létt heimilisstörf | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það) | if AGE >= 65 |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| | | – 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | |
| HA1f | Erfiðleikar við að framkvæma einstaka erfið heimilisstörf | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það)<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AGE >= 65 |
| HA1g | Erfiðleikar við að annast fjármál og dagleg stjórnunarverkefni | 1 Engir erfiðleikar<br>2 Einhverjir erfiðleikar<br>3 Miklir erfiðleikar<br>4 Getur ekki framkvæmt<br>5 Á ekki við (hefur aldrei reynt eða þarf ekki að gera það)<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AGE >= 65 |
| HA2 | Þiggur að jafnaði aðstoð við ein eða fleiri heimilisstörf: tilreiða máltíðir, nota síma, versla, stjórna lyfjatöku, auðveld eða einstaka erfið heimilisstörf, annast fjármál og dagleg stjórnunarverkefni | 1 Já, við að minnsta kosti eitt atriði<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if (AGE >= 65) og<br>{}{HA1a 1 eða HA1b 1 eða HA1c 1 eða HA1d 1 eða HA1e 1 eða HA1f 1eða HA1g 1}} |
| HA3 | Þarfnast aðstoðar við ein eða fleiri heimilisstörf: tilreiða máltíðir, nota síma, versla, stjórna lyfjatöku, auðveld eða einstaka erfið heimilisstörf, annast fjármál og dagleg stjórnunarverkefni | 1 Já, við að minnsta kosti eitt atriði<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if (AGE >= 65) og<br>{}{HA1a 1 eða HA1b 1 eða HA1c 1 eða HA1d 1 eða HA1e 1 eða HA1f 1eða HA1g 1}} |
| *Verkir* | | | |
| PN1 | Styrkleiki líkamlegs sársauka á síðustu 4 vikum | 1 Enginn<br>2 Mjög vægur<br>3 Vægur | Allir |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| | | 4 Sæmilegur<br>5 Mikill<br>6 Mjög mikill<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | |
| PN2 | Að hvaða marki hefur sársauki truflað hefðbundin störf á síðustu 4 vikum (þ.m.t. bæði störf utan og innan heimilis) | 1 Ekkert<br>2 Dálítið<br>3 Frekar lítið<br>4 Töluvert<br>5 Afar mikið<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| *Geðheilbrigði* | | | |
| MH1a | Að hvaða marki er lítill áhugi á eða ánægja af að hafa eitthvað fyrir stafni á síðustu 2 vikum | 1 Aldrei<br>2 Nokkrir dagar<br>3 Í yfir helmingi daga<br>4 Nær daglega<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| MH1b | Að hvaða marki var fundið fyrir vanlíðan, þunglyndi og vonleysi á síðustu 2 vikum | 1 Aldrei<br>2 Nokkrir dagar<br>3 Í yfir helmingi daga<br>4 Nær daglega<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| MH1c | Að hvaða marki hafa verið erfiðleikar við að sofna, halda svefni eða sofa of mikið á síðustu 2 vikum | 1 Aldrei<br>2 Nokkrir dagar<br>3 Í yfir helmingi daga<br>4 Nær daglega<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| MH1d | Að hvaða marki var fundið fyrir þreytu eða orkuleysi á síðustu 2 vikum | 1 Aldrei<br>2 Nokkrir dagar<br>3 Í yfir helmingi daga<br>4 Nær daglega<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| MH1e | Að hvaða marki var lítil matarlyst eða ofát á síðustu 2 vikum | 1 Aldrei<br>2 Nokkrir dagar<br>3 Í yfir helmingi daga<br>4 Nær daglega<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| MH1f | Að hvaða marki er lítið sjálfsálit til staðar, líðan eins og að hafa mistekist í lífinu, á síðustu 2 vikum | 1 Aldrei<br>2 Nokkrir dagar<br>3 Í yfir helmingi daga<br>4 Nær daglega<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| MH1g | Að hvaða marki eru erfiðleikar við að halda einbeitingu, svo sem við að lesa dagblöð eða horfa á sjónvarp, á síðustu 2 vikum | 1 Enginn<br>2 Nokkrir dagar<br>3 Í yfir helmingi daga<br>4 Nær daglega<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| MH1h | Að hvaða marki er hreyfing eða tal nógu hægt til að annað fólk gæti hafa tekið eftir eða eirðarleysi eða óróleiki á síðustu 2 vikum | 1 Ekkert<br>2 Nokkrir dagar<br>3 Í yfir helmingi daga<br>4 Nær daglega<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| *Heilbrigðisþjónusta* | | | |
| *Notkun á legudeild eða dagvistun* | | | |
| HO1 | Fjöldi innlagna á legudeild sjúkrahúss síðustu 12 mánuðina | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HO2 | Fjöldi nátta eytt sem sjúklingur á sjúkrahúsi síðustu 12 mánuðina | Fjöldi 1 – 99<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if HO1 = 1 |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| HO3 | Fjöldi daga sem sjúklingur var á dagdeild á sjúkrahúsi síðustu 12 mánuðina | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| HO4 | Fjöldi skipta sem sjúklingur leggst inn á dagdeild sjúkrahúss síðustu 12 mánuðina | Fjöldi 1 – 300<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if HO3 = 1 |
| *Notkun á heilbrigðisþjónustu eða heimahjúkrun* | | | |
| AM1 | Síðasta heimsókn til tannlæknis eða tannréttingarsérfræðings<br>(vegna persónulegrar meðferðar) | 1 Innan síðustu 6 mánaða<br>2 fyrir 6 til 12 mánuðum síðan<br>3fyrir 12 mánuðum síðan eða lengra<br>4 Aldrei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| AM2 | Síðasta skoðun hjá heimilislækni eða fjölskyldulækni (vegna persónulegrar meðferðar) | 1 Skemmra en 12 mánuðir síðan<br>2fyrir 12 mánuðum síðan eða lengra<br>3 Aldrei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| AM3 | Fjöldi skoðana hjá heimilislækni eða fjölskyldulækni á síðustu 4 vikum (vegna persónulegrar meðferðar) | Fjöldi 0 – 99<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | If AM2 = 1 |
| AM4 | Síðasta skoðun hjá sérfræðingi í heimilis- eða skurðlækningum (vegna persónulegrar meðferðar) | 1 Minna en 12 mánuðir síðan<br>2fyrir 12 mánuðum síðan eða lengra<br>3 Aldrei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| AM5 | Fjöldi viðræðufunda hjá sérfræðingi í heimilis- eða skurðlækningum á síðustu 4 vikum (vegna persónulegrar meðferðar) | Fjöldi 0 – 99<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | If AM4 = 1 |
| AM6a | Viðræðufundur hjá sjúkraþjálfara eða hreyfingarfræðingi á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| AM6b | Viðræðufundur hjá sálfræðingi eða sálmeðferðarfræðingi á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| AM7 | Notkun á heimahjúkrunarþjónustu fyrir persónulegar þarfir á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| *Lyfjanotkun* | | | |
| MD1 | Notkun á lyfjum, sem læknir hefur ávísað, á síðustu tveimur vikum<br>(að undanskildum getnaðarvörnum) | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| MD2 | Notkun á lyfjum, jurtalyfjum eða vítamínum, sem læknir hefur ekki ávísað, á síðustu tveimur vikum | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| *Forvarnarþjónusta* | | | |
| PA1 | Síðasta bólusetning gegn inflúensu | Mánuður/ár (MMÁÁÁÁ)<br>Aldrei eða of langt síðan (0)<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| PA2 | Síðasta blóðþrýstingsmæling framkvæmd af sérfræðingi á heilbrigðissviði | 1 Á síðustu 12 mánuðum<br>2 1 sinni eða sjaldnar á 3 árum<br>3 3 sinnum eða sjaldnar á 5 árum<br>4 Lengra en fimm ár síðan<br>5 Aldrei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| PA3 | Síðasta kólesterólmæling í blóði framkvæmd af sérfræðingi á heilbrigðissviði | 1 Á síðustu 12 mánuðum<br>2 1 sinni eða sjaldnar á 3 árum<br>3 3 sinnum eða sjaldnar á 5 árum | Allir |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| | | 4 Lengra en fimm ár síðan<br>5 Aldrei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | |
| PA4 | Síðasta blóðsykursmæling framkvæmd af sérfræðingi á heilbrigðissviði | 1 Á síðustu 12 mánuðum<br>2 1 sinni eða sjaldnar á 3 árum<br>3 3 sinnum eða sjaldnar á 5 árum<br>4 Lengra en fimm ár síðan<br>5 Aldrei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| PA5 | Síðasta skoðun hvort blóð sé í hægðum | 1 Á síðustu 12 mánuðum<br>2 1 sinni eða sjaldnar á 2 árum<br>3 2 sinnum eða sjaldnar á 3 árum<br>4 Lengra en þrjú ár<br>5 Aldrei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| PA6 | Síðasta ristilspeglun | 1 Á síðustu 12 mánuðum<br>2 1 sinni eða sjaldnar á 5 árum<br>3 5 sinnum eða sjaldnar á 10 árum<br>4 Lengra en 10 ár síðan<br>5 Aldrei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| PA7 | Síðasta brjóstmyndataka (röntgenmynd brjósta) | 1 Á síðustu 12 mánuðum<br>1 sinni eða sjaldnar á 2 árum<br>3 2 sinnum eða sjaldnar á 3 árum<br>4 Lengra en þrjú ár<br>5 Aldrei | If SEX = 2 |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| | | – 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | |
| PA8 | Síðasta leghálsstrok | 1 Á síðustu 12 mánuðum<br>21 sinni eða sjaldnar á 2 árum<br>3 2 sinnum eða sjaldnar á 3 árum<br>4 Lengra en þrjú ár<br>5 Aldrei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | If SEX = 2 |
| *Óuppfyllt þörf á heilbrigðisþjónustu* | | | |
| UN1a | Óuppfyllt þörf á heilbrigðisþjónustu á síðustu 12 mánuðum vegna langra biðlista | 1 Já<br>2 Nei<br>3 Engin þörf á heilbrigðisþjónustu<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| UN1b | Óuppfyllt þörf á heilbrigðisþjónustu á síðustu 12 mánuðum vegna fjarlægðar eða samgönguvandamála | 1 Já<br>2 Nei<br>3 Engin þörf á heilbrigðisþjónustu<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| UN2a | Hafði ekki efni á læknisskoðun eða meðferð á síðastliðnum 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>3 Engin þörf<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| UN2b | Hafði ekki efni á tannlæknisskoðun eða meðferð á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>3 Engin þörf<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| UN2c | Hafði ekki efni á ávísuðum lyfjum á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>3 Engin þörf<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| UN2d | Hafði ekki efni á geðheilbrigðisþjónustu (til dæmis af hálfu sálfræðings eða geðlæknis) á síðustu 12 mánuðum | 1 Já<br>2 Nei<br>3 Engin þörf<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| *Mótandi þættir heilbrigðis* | | | |
| *Þyngd og hæð* | | | |
| BM1 | Hæð án skófatnaðar | Tölur í cm<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| BM2 | Þyngd án fatnaðar og skófatnaðar | Tölur í kg<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| *Líkamsvirkni/-æfingar* | | | |
| PE1 | Líkamleg áreynsla í starfstengdum verkefnum (þ.m.t. bæði launuð og ólaunuð starfsemi) | 1 Einkum sitjandi eða standandi<br>2 Einkum gangandi eða verkefni sem krefjast hæfilegrar líkamlegrar áreynslu<br>3 Einkum erfiðisvinna eða líkamlega krefjandi vinna<br>4 Engum vinnutengdum verkefnum er sinnt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| PE2 | Fjöldi daga í dæmigerðri viku þegar gengið er til og frá stöðum í að minnsta kosti 10 mínútur án þess að stoppa | Fjöldi daga 1 - 7<br>0 Ég framkvæmi aldrei þess háttar líkamlega starfsemi<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| PE3 | Tími sem notaður er til göngu til og frá stöðum á dæmigerðum degi | 1 10 – 29 mínútur á dag<br>2 30 – 59 mínútur á dag<br>3 frá 1 klst. til minna en 2 klst. á dag | if PE2 0 |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| | | 4 frá 2 klst. til minna en 3 klst. á dag<br>5 3 klukkustundir eða meira á dag<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | |
| PE4 | Fjöldi daga í dæmigerðri viku þegar hjólað er til og frá stöðum í að minnsta kosti 10 mínútur án þess að stoppa | Fjöldi daga 1 - 7<br>0 Ég framkvæmi aldrei þess háttar líkamlega starfsemi<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| PE5 | Tími sem notaður er til hjólreiða til og frá stöðum á dæmigerðum degi | 1 10 – 29 mínútur á dag<br>2 30 – 59 mínútur á dag<br>3frá 1 klst. til minna en 2 klst. á dag<br>4 frá 2 klst. til minna en 3 klst. á dag<br>5 3 klukkustundir eða meira á dag<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if PE4 0 |
| PE6 | Fjöldi daga sem notaðir eru til íþróttaiðkunar, líkamsræktar eða líkamlegrar tómstundastarfsemi (í frístundum) í dæmigerðri viku og valda hið minnsta örlítilli aukningu í öndun eða hjartslætti í að minnsta kosti 10 mínútur samfleytt | Fjöldi daga 1–7<br>0 Ég framkvæmi aldrei þess háttar líkamlega starfsemi<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| PE7 | Tími sem notaður er til líkamlegrar íþróttaiðkunar, hreystiþjálfunar eða skemmtunar (í frístundum) í dæmigerðri viku | HHMM(klst./mínútur)<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if PE6 0 |
| PE8 | Fjöldi daga í dæmigerðri viku þar sem vöðvastyrkjandi æfingar voru stundaðar | Fjöldi daga 1 - 7<br>0 Ég framkvæmi aldrei þess háttar líkamlega starfsemi<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| *Neysla ávaxta og grænmetis* | | | |
| FV1 | Tíðni neyslu ávaxta, að undanskildum safa | 1 Einu sinni eða oftar á dag<br>2 4 til 6 sinnum í viku<br>3 1 til 3 sinnum í viku<br>4 Sjaldnar en einu sinni í viku | Allir |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| | | 5 Aldrei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | |
| FV2 | Fjöldi skammta af ávöxtum á dag, að undanskildum safa | Fjöldi 1 – 99<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if FV1 = 1 |
| FV3 | Tíðni neyslu grænmetis eða salats, að undanskildum safa og kartöflum | 1 Einu sinni eða oftar á dag<br>2 4 til 6 sinnum í viku<br>3 1 til 3 sinnum í viku<br>4 Sjaldnar en einu sinni í viku<br>5 Aldrei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| FV4 | Fjöldi skammta af grænmeti eða salati, að undanskildum safa og kartöflum á dag | Fjöldi 1 – 99<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if FV3 = 1 |
| *Reykingar* | | | |
| SK1 | Tegund reykingavenja | 1 Daglegar reykingar<br>2 Tilfallandi reykingar<br>3 Engar reykingar<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| SK2 | Tegund tóbaksvara sem neytt er | 1 Vindlingar (framleiddir og/eða handvafðir)<br>2 Vindlar<br>3 Píputóbak<br>4 Annað<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if SK1 = 1 eða 2 |
| SK3 | Meðalfjöldi vindlinga á dag | Fjöldi 1 – 99<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if SK1 = 1 og<br>SK2 = 1 |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| SK4 | Tíðni óbeinna reykinga innandyra | 1 Aldrei eða næstum aldrei<br>2 Minna en 1 klukkustund á dag<br>31 klukkustund eða meira á dag<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| *Áfengisneysla* | | | |
| AL1 | Tíðni neyslu áfengra drykkja af einhverjum toga (bjór, léttvín, eplavín, brenndir drykkir, hanastél, forblöndur, líkjör, heimabrugg, o.s.frv.) á síðustu 12 mánuðum | 1 Daglega eða nærri því<br>2 5 til 6 dagar í viku<br>3 3 til 4 dagar í viku<br>41 til 2 dagar í viku<br>5 2 til 3 dagar í mánuði<br>6 Einu sinni í mánuði<br>7 Sjaldnar en einu sinni í mánuði<br>8 Ekkert á síðustu 12 mánuðum, þar sem ég neyti ekki lengur áfengis<br>9 Aldrei, eða aðeins örfáir sopar eða prófanir, í öllu lífi mínu<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| AL2 | Tíðni áfengisneyslu á mánudögum til fimmtudaga | 1 Alla 4 dagana<br>2 Á 3 af 4 dögum<br>3 Á 2 af 4 dögum<br>4 Á 1 af 4 dögum<br>5 Á engum af 4 dögum<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AL1 = 1, 2, 3 eða 4 |
| AL3 | Fjöldi áfengra drykkja (staðlaðra) sem neytt er að meðaltali á einum af dögunum (mánudaga til fimmtudaga) | 1 16 drykkir eða fleiri á dag<br>2 10 til 15 drykkir á dag<br>3 6 til 9 drykkir á dag<br>4 4 til 5 drykkir á dag<br>5 3 drykkir á dag<br>6 2 drykkir á dag | If (AL1 = 1, 2, 3 eða 4) og (AL2 = 1, 2, 3 eða 4) |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| | | 7 1 drykkur á dag<br>8 Enginn drykkur á dag<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | |
| AL4 | Tíðni áfengisneyslu á föstudögum til sunnudaga | 1 Alla 3 dagana<br>2 Á 2 af 3 dögum<br>3 Á 1 af 3 dögum<br>4 Á engum af 3 dögum<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AL1 = 1, 2, 3 eða 4 |
| AL5 | Fjöldi áfengra drykkja (staðlaðra) sem neytt er að meðaltali á einum af dögunum (föstudaga til sunnudaga) | 1 16 drykkir eða fleiri á dag<br>2 10 til 15 drykkir á dag<br>3 6 til 9 drykkir á dag<br>4 4 til 5 drykkir á dag<br>5 3 drykkir á dag<br>6 2 drykkir á dag<br>7 1 drykkur á dag<br>8 Enginn drykkur á dag<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if (AL1 = 1, 2, 3 eða 4) og (AL4 = 1, 2, eða 3) |
| AL6 | Tíðni einstakrar áhættusamrar drykkju (sem jafngildir 60 g af hreinu etanóli eða meira) á síðustu 12 mánuðum | 1 Daglega eða nærri því<br>2 5 til 6 sinnum í viku<br>3 3 til 4 sinnum í viku<br>4 1 til 2 sinnum í viku<br>5 2 til 3 dagar í mánuði<br>6 Einu sinni í mánuði<br>7 Sjaldnar en einu sinni í mánuði<br>8 Ekki á síðustu 12 mánuðum<br>9 Aldrei í lífi mínu<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if AL1 = 1, 2, 3, 4, 5, 6 eða 7 |

| Heiti breytu | Lýsing | Svarflokkar og kóðar | Sía |
|---|---|---|---|
| *Félagslegur stuðningur* | | | |
| SS1 | Fjöldi nákominna til að treysta á, komi upp alvarleg persónuleg vandamál | 1 Enginn<br>2 1 eða 2<br>3 3 til 5<br>4 6 eða fleiri<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| SS2 | Áhyggjur sem aðrir einstaklingar sýna af framferði viðkomandi aðila | 1 Miklar áhyggjur og áhugi<br>2 Nokkrar áhyggjur og áhugi<br>3 Óvíst<br>4 Litlar áhyggjur og áhugi<br>5 Engar áhyggjur og áhugi<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| SS3 | Hversu auðvelt er að fá hagnýta aðstoð frá nágrönnum ef þörf krefur | 1 Mjög auðvelt<br>2 Auðvelt<br>3 Hugsanlegt<br>4 Erfitt<br>5 Mjög erfitt<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| *Tilhögun óformlegrar umönnunar eða aðstoðar* | | | |
| IC1 | Umönnun eða aðstoð veitt við einn eða fleiri einstaklinga sem þjást af öldrunarvandamálum, langvinnu heilbrigðisástandi eða sjúkleika, að minnsta kosti einu sinni í viku<br>(atvinnustarfsemi undanskilin) | 1 Já<br>2 Nei<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun) | Allir |
| IC2 | Ráðandi samband einstaklinga sem þjást af langvinnu ástandi eða sjúkleika eða vegna öldrunar við þá sem veita svaranda umönnun eða aðstoð að minnsta kosti vikulega | 1 Í fjölskyldu svaranda<br>2 Utan fjölskyldu svaranda<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if IC1 = 1 |
| IC3 | Fjöldi klukkustunda á viku þar sem svarandi veitir einum eða fleiri einstaklingum, sem þjást af hvers konar langvinnu ástandi, sjúkleika eða vegna öldrunar, umönnun eða aðstoð | 1 Minna en 10 klukkustundir á viku<br>2 Að minnsta kosti 10 klst. en færri en 20 klst. á viku<br>3 20 klst. á viku eða meira<br>– 1 vantar (veit ekki, synjun)<br>– 2 á ekki við | if IC1 = 1 |

*II. VIÐAUKI*

**Hámarksstærð úrtaks sem ná verður**

| | Einstaklingar 15 ára og eldri sem viðtal er tekið við |
|---|---|
| **Aðildarríki ESB** | |
| Belgía | 6 500 |
| Búlgaría | 5 920 |
| Tékkland | 6 510 |
| Danmörk | 5 350 |
| Þýskaland | 15 260 |
| Eistland | 4 270 |
| Írland | 5 057 |
| Grikkland | 6 667 |
| Spánn | 11 620 |
| Frakkland | 13 110 |
| Ítalía | 13 180 |
| Kýpur | 4 095 |
| Lettland | 4 555 |
| Litháen | 4 850 |
| Lúxemborg | 4 000 |
| Ungverjaland | 6 410 |
| Malta | 3 975 |
| Holland | 7 515 |
| Austurríki | 6 050 |
| Pólland | 10 690 |
| Portúgal | 6 515 |
| Rúmenía | 8 420 |
| Slóvenía | 4 486 |
| Slóvakía | 5 370 |
| Finnland | 5 330 |
| Svíþjóð | 6 200 |
| Bretland | 13 085 |
| **Heildarfjöldi í aðildarríkjum ESB** | **194 990** |
| Sviss | 5 900 |
| Ísland | 3 940 |
| Noregur | 5 170 |
| **Heildarfjöldi, þ.m.t. Sviss, Ísland og Noregur** | **210 000** |

*III. VIÐAUKI*

**Landssvæði sem eru undanskilin í könnuninni**

| Land | Landssvæði |
|---|---|
| Frakkland | Frönsk umdæmi og yfirráðasvæði handan hafsins |
| Kýpur | Svæði sem lúta ekki stjórn ríkisstjórnar |
| Holland | Karíbaeyjar (Bonaire, Sankti Estatíusey og Saba), Vestur-frísnesku eyjarnar að frátalinni Texel-eyju |
| Írland | Allar eyjar undan ströndum landsins, að frátöldum eyjunum Achill, Bull, Cruit, Gorumna, Inishnee, Lettermore, Lettermullan og Valentia |
| Bretland | Skotland norðan við Kaledóníuskurðinn, Scilly-eyjarnar |